

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140700117/bs

Svifbraut á Esju - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða kláf sem ætlaður er til fólksflutninga upp á Esju. Ráðgert er að að staðsetja upphafsstöð kláfsins við botn Kollafjarðar, en endastöð hans verður við Esjubrúnir nokkuð austan við Þverfellshorn.

Í tilkynningarskýrslu er fjallað um tvo valkosti. Annars vegar er um að ræða kláf sem nær frá jafnsléttu í Kollafirði og nær alla leið upp á brún Esjunnar. Hins vegar er um að ræða kláf sem nær upp að brún Esju með upphafsstöð í Kollafirði, miðjustöð á Rauðhól og endastöð við brún Esju. Í því tilfelli yrði lagður allt að 4 km langur vegur frá Kollafirði að miðjustöð. Ýmsar gerðir af möstrum koma til álitu allt frá nokkrum 10 metra háum möstrum að 2 30 m háum möstrum. Flatarmál undirstaða mastra verður í samræmi við hæð mastra. Ráðgert er að flatarmál bygginga á upphafs- og endastöðvum verði 1.000-1.500 m² og flatarmál millistöðvar 800-1.000 m². Lóðir gætu verið allt að 5.000 m².

Fyrirhugaður kláfur mun liggja um svæði sem nú er mikið notað til gönguferða um hlíðar Esju. Umhverfisstofnun telur að kanna þurfi hvort umræddur kláfur gæti haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem nú ganga á Esju og hvort kláfurinn gæti dregið úr áhuga fólks á að ganga á Esju.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar gætu orðið neikvæð áhrif á landslag vegna bygginga í hlíðum Esju og neikvæð sjónræn áhrif vegna bygginga, vegagerðar og byggingu mastra.

Umhverfisstofnun vill benda á að Esjan er eitt helsta kennileiti í nágrenni Reykjavíkur og ætti því að skoða vandlega allar framkvæmdir sem hugsanlega gætu skert ásýnd fjallsins.

Umhverfisstofnun telur mikla óvissu ríkja um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar, þar sem umfang framkvæmdarinnar er óþekkt. Ekki liggur fyrir vitneskja um hvernig aðstæður eru til að grunda mannvirki neðan við brún Esju eða hvernig mannvirkjum af þeirri stærð sem hér um ræðir verði komið fyrir. Óvíst er hvort unnt sé að vinna nauðsynlega jarðvinnu án þess að koma stórvirkum tækjum á byggingastaðinn með tilheyrandi vegagerð. Í tilkynningarskýrslu kemur fram að unnt verði að byggja undirstöður og reisa möstur án þess

að til slóðagerðar þurfi að koma. Umhverfisstofnun vill benda á að við lagningu háspennulína undanfarin ár hefur iðulega þurft að leggja slóðir að masturstæðum til að unnt hafi verið að koma nauðsynlegum tækjum að byggingasvæðum.

Niðurstaða

Hér er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða á vinsælu útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin kunni að breyta núverandi fyrirkomulagi útivistar verulega. Lítil hefð er hérlandis fyrir framkvæmdum sem þessum og áhrif á útivist því lítt þekkt. Framkvæmdin gæti haft mikið jarðrask í för með sér vegna umfangsmikilla framkvæmda í hlíðum Esju.

Bygging endastöðvar neðan við brún Esju gæti haft verulegt jarðrask í för með sér.

Umhverfisstofnun telur vart raunhæft að standa þannig að framkvæmdinni að ekki verði þörf á slóðagerð til að koma stórvirkum tækjum á byggingasvæði. Einnig telur Umhverfisstofnun nokkra óvissu ríkja um hvernig allt að 1.500 m² byggingu verði komið fyrir neðan við brún Esju án þess að í slíkri framkvæmd felist verulegt rask á fjallsbrúninni.

Umhverfisstofnun telur mat á umhverfisáhrifum því til þess fallið að draga betur fram líkleg áhrif framkvæmdarinnar, stuðla að því að draga úr mögulega neikvæðum áhrifum hennar auk þess sem tilefni er til að kynna framkvæmdina fyrir almenningi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun að umrædd framkvæmd gæti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur